

Fundur 20.5.2024 Hinrik vinur Óla Daníelssonar dó í USA. (& Þorsteinn Guðjónsson).

Þorsteinn, við reynum nú að koma með eitt samband að lokum áður en fundi líkur og Guðrún tekur við.

Vonum að það gangi vel.

Góða kvöldið.

Góða kvöldið.

Er ég að tala við fólk á jörðinni gömlu ?

Já, já mér skilst það já.

Það er ánægjulegt, ég er ekki vanur að tala í slíku sambandi og svo margir góðir hlutir hafa gerst í mínu lífi og margt komið fyrir á skömmum tíma og ég vil endilega koma því frá mér og hef enn svo sterkt samband við gamla Ísland.

Og við erum svo margir sem söknum gamla landsins og gömlu jarðarinnar og mörg erum við hér stödd á landi þessu þar sem okkur finnst við sakna gamla Íslands svo mikið og ég hef svo margt að segja ykkur en ég er svo þakklátur að fá þetta tækifæri, þar sem hópurinn minn á því landi sem ég bý núna er ekki stór.

Og já ég tala úr stjórnum sambandsstöð, en það búa margir hópar á okkar landi, allskonar fólk og það vita ekki nógu margir að þið á Íslandi hafið slíka stjórnum sambandsstöð og það eru svo margir hópar á mínu landi sem eru ólíkir og það voru góðir vinir mínir og vinkonur sem sögðu mér það að í kvöld gæti ég náð sambandi við ykkur.

Og allt það góða sem gerst hefur í lífi mínu má ekki verða til spillist og mér finnst svo merkileg saga mín og vil gjarnan segja ykkur hana og ég hef tengingu við ykkur og ég er svo óendanlega þakklátur að komast í sambandið, þar sem mér finnst svo margir þræðir í mínu lífi sem ég á eftir að rekja betur og tengslin við gamla Ísland ofarlega í huga.

Og mig langar til að segja frá lífi mínu á þessum hnetti og mér voru gefnar leiðbeiningar um hvernig ég skyldi haga ræðu minni við ykkur og get ekki verið nema skamma stund í sambandinu.

Mér er sagt að orkan minnki og þá geti ég ekki talað lengur og ég hef ekki mjög oft talað sjálfur hér úr ræðupúlti við aðra.

Ég lenti í nokkrum erfiðleikum er ég kom fyrst á þennan hnött, en það var mjög fróðlegt engu að síður og þekki ég nú talsvert marga hér og hef áttað mig á þjóðfélaginu og farið að vinna uppbyggilegri störf en áður og sinna mínum hæfileikum.

Ég lenti í þeim erfiðleikum þegar ég kom hér yfir að ég var ekki sáttur við umskipti mín og andlát og lenti í slagtogi með þeim sem vildu, höfum átt í erjum hóparnir hér á þessum hnetti og er nú að losa mig úr þeim félagsskap.

Og fjölmörg tækifæri á þessum hnetti, veit ekki hvort mér er unnt að vera mikið lengur í sambandinu en ég hef eignast kærustu hér og góða vini og Óli biður að heilsa.

Þú ert ?

Hinrik.

Hinrik vinur Óla ?

Já,

Sem að dó í Ameríku ?

Já,

Sæll Hinrik, gott að heyra í þér, Óli hefur hjálpað þér að komast í gegn, að tala ?

Já,

Já þetta var sorglegt og ég er fegin að heyra að þér gengur betur, er Óli að hjálpa ?

Já við höfum haft samband, en ég er ekki á sama stað, en hann hefur hjálpað, já.

Hann samdi svo fallett lag til þín, þegar þú dóst, á þeim tíma og hérna gott að heyra í þér og gott að þú ert kominn með kærustu og þér á örugglega eftir að ganga vel.

Já mér fannst ég heyra nokkra tóna eða lagið allt, ég þakka honum fyrir.

Já það heitir Guardian Angel, þetta lag.

Já ég þakka fyrir fallett lag.

Gott að þú gast tjáð þig og ég bið að heilsa Óla mínum og vona að hann komi aftur í gegn og gott að heyra í þér Hinrik.

Og það er líka fólkið mitt hér og nýir vinir og vinkonur, við, það er hópur og ég lenti í slagtogi með þeim sem berjast á móti svörtum, hér í þessu þjóðfélagi, en það er flókið að lýsa því, ég er núna að reyna að, viljum minnka byssueign.

Var það af því að sá sem drap þig var svartur ?

Já.

Já þess vegna fórstu kannski á ekki nógu góðan stað ?

Af því að þú vildir hefna þín ?

Já en það er flókið, en þetta er ekki mjög slæmur staður, en það eru svolítill átök, en það er margt hérna sem ég get sagt frá og ættingjar mínir hafa hjálpað mér.

Það er gott.

En ég er með svo fáa náskylda hér, en marga vini og hafa talað við mig í sambandi og hef gengið á stuttum tíma merkilega sögu, ég var í nokkuð mörg ár í erfiðleikum, sárar tilfinningar, en það er nú allt að koma, líður miklu betur núna og hef gert í nokkur ár og það er allt að lagast.

Já gott að heyra, gangi þér svakalega vel og þú veist að þú átt allt gott skilið líka.

Takk fyrir og Óli er tækni nám ?

Já, vélaverkfræði.

Já, passar það ?

Já, það passar.

Og hann vill tala við þig betur og er svo ánægður að komast í sambandið, mér líður betur af því og vil láta öllum vita á Íslandi að ég hef upplifað mjög merkilega hluti hér.

Og ótrúlega margt hægt að segja frá, get ekki sagt frá meiru núna, ég ræð ekki við það, en bæði hamingja og sorgir hér og stefnir allt upp á við, ég þakka kærlega fyrir og sendi bestu kveðjur.

Takk fyrir líka og skilaðu bara innilegri kveðju líka og takk fyrir.

Takk kærlega fyrir.

Takk fyrir komuna, takk fyrir komuna.